

Lagabreytingar 2019/20

texti og skýringar

3. grein – Leikmennirnir

3. Framkvæmd leikmannaskipta

Breyttur texti

Þegar skipta skal varamanni inn á fyrir leikmann skal eftirfarandi skilyrða gætt:

- (...)
- leikmaðurinn sem skipta á út af:
 - fær heimild dómarans til þess að yfirgefa völlinn, sé hann ekki þegar utan vallar og verður að gera það við næstu útlínu vallarins, nema dómarinn gefi til kynna að leikmaðurinn megi fara hratt og strax af velli við miðlínuna eða á öðrum stað (t.d. vegna öryggis eða meiðsla).
 - ~~leikmaðurinn, sem skiptir út af, þarf ekki endilega að yfirgefa völlinn við miðlínuna verður að fara strax á boðvanginn eða til búningsherbergis og tekur ekki frekari þátt í leiknum, nema þar sem "rúllandi" skiptingar eru leyfðar.~~
 - ef leikmaður sem skipta á út af neitar að yfirgefa völlinn þá heldur leikurinn áfram.

Skýring

Til að koma í vega fyrir að leikmaður sem skipta á af leikvelli 'tefji' leikinn með því að ganga í hæggðum sínum að miðlínunni til að fara út af (en þess er ekki krafist í lögnum) er leikmanninum nú skylt að yfirgefa völlinn við næstu útlínu hans (eins og þegar um meiðsli er að ræða), nema dómarinn gefi merki um annað, t.d. ef leikmaðurinn getur farið hratt af leikvelli við miðlínuna, eða ef um öryggismál er að ræða, eða leikmaðurinn fer af velli á börum. Leikmanninum ber að fara strax á boðvanginn eða til búningsherbergis til þess að forðast vandamál gagnvart varamönnum, áhorfendum eða meðlimum dómarateymisins. Leikmanni sem fer gegn anda þessarar lagagreinar skal refsað fyrir óíþróttamannslega framkomu, þ.e. að tefja að leikur geti hafist að nýju.

4. grein – Búnaður leikmanna

3. Litir

Viðbótartexti

Undirskrytur skulu vera:

- einlitar sem þýðir sama meginlitar og peysuermin eða
- marglitar/mynstraðar sem eru nákvæmlega eins og peysuermin.

Skýring

Framleiðendur bjóða nú gjarnan upp á mynstraðar undirskrytur þar sem ermarnar eru sambærilegar við ermar keppnispeysunnar. Þetta skal heimilað, enda auðveldar það dómarateyminu við ákvarðanatöku sína.

4. grein – Búnaður leikmanna

4. Annar búnaður

Rafrænn búnaður til mælinga á frammistöðu og staðsetningum (EPTS)

Eyddur texti

~~Þessum staðli verður komið á smám saman á tímabilinu til og með 1. júní 2019. Eftirfarandi merki gefur til kynna (...)~~

Skýring

Þessu innleiðingarferli líkur 1. júní 2019.

5. grein – Dómarinn

2. Ákvarðanir dómarsins

Breyttur texti

Dómarinn getur ekki breytt ákvörðun sinni um hvernig hefja skuli leik að nýju jafnvel þó hann komist sjálfur að raun um, eða eftir ábendingu annarra í dómarsateyminu, að dómurinn var rangur, ef leikurinn hefur þegar verið hafinn að nýju, eða ef dómarinn hefur flautað til loka fyrri eða seinni hálfleiks (þ.m.t. framlengingar) og farið út af leikvöllinum, eða slitið aflýst leiknum. Ef dómarinn, hins vegar, yfirgefur völlinn í lok leikhluta til þess að fara í endurskoðunarstöð dómara (RRA) eða til að skipa leikmönnum að fara aftur inn á leikvöllinn, kemur það ekki í veg fyrir að hann geti breytt ákvörðun sinni um atvik sem gerðist fyrir lok leikhlutans.

Ef frá er talið ákvæði greinar 12.3 (og VAR-samskiptareglanna) er einungis heimilt að beita agarefsingu eftir að leikur hefur verið hafinn að nýju ef einhver annar úr dómarsateyminu hefur tekið eftir brotinu og reynt að koma skilaboðum um það til dómarsins áður en leikur var hafinn að nýju. Sú "endurræsing" leiksins sem fylgja hefði átt agarefsingunni á hins vegar ekki við hér.

Skýring

- Betur þykir hæfa að segja að leiknum hafi verið "aflýst" frekar en "slitið".
- Ef dómarinn fer í RRA-stöðina í lok einhvers leikhluta eða fer af velli til þess að segja leikmönnum að fara aftur inn á völlinn er honum heimilt að "endurskoða" ákvörðun sína að því tilskildu að brotið hafi átt sér stað fyrir lok leikhlutans.
- Fyrir kemur að meðlimur dómarsateymisins gefur merki um (lætur vita af) GS/RS brot (t.d. aðstoðardómari sem veifar til merkis um ofsalega framkomu fjarri boltanum), en dómarinn tekur ekki eftir merki/kalli hans fyrr en eftir að leikur hefur verið hafinn að nýju. Dómarinn getur þá engu að síður ákveðið að beita viðeigandi agarefsingu, en "endurræsingin" (aukaspyrnan) sem fylgja hefði átt brotinu á ekki við.

5. grein – Dómarinn

3. Völd og skyldur

Agarefsingar

Viðbótartexti

Dómarinn grípur til aðgerða gagnvart forráðamönnum liða sem ekki haga sér með ábyrgum hætti og getur vísað þeim frá leikvöllinum aðvarar þá, eða sýnir þeim gula spjaldið til áminningar eða rauða spjaldið til að vísa þeim af leikvelli og næsta umhverfi hans, þ.m.t. boðvanginum. Ef ekki reynist unnt að auðkenna hinn brotlega mun aðalþjálfaranum sem er á boðvanginum á þeirri stundu hljóta refsinguna.

Skýring

Sú tilraun sem í gangi hefur verið þar sem refsað er fyrir brot forráðamanna með GS/RS hefur heppnast mjög vel og hefur haft í för með sér mikið hagræði á öllum stigum leiksins, þ.m.t. fyrir unga dómara að takast á við "erfiða" fullorðna þjálfara. Ef ekki reynist unnt að auðkenna hinn brotlega hlýtur æðsti forráðamaður liðsins á boðvanginum (oftast aðalþjálfarinn) GS/RS (þar sem hann ber ábyrgð á hinum forráðamönnum liðsins).

5. grein – Dómarinn

3. Völd og skyldur

Meiðsli

Viðbótartexti

- Ekki er heimilt að meðhöndla meiðsli leikmanns inni á leikvöllinum (...). Undantekningar frá kröfunni um að meiddur leikmaður skuli yfirgefa völlinn eru einungis:
- (...)
- þegar vítaspyrna hefur verið dæmd og hinn meiddi leikmaður á að taka spyrnuna.

Skýring

Það er ósanngjarn ef spyrnandinn þarf meðhöndlun meiðsla sinna að hann þurfi að yfirgefa leikvöllinn og geta síðan ekki fengið að taka vítaspyrnuna.

7. grein – Leiktíminn

3. Viðbótartími

Breyttur texti

Dómarinn skal bæta við í hvorum hálfleik öllum tíma sem tapast vegna:

- ~~stöðvunar leiks fyrir drykkjarhlé (sem ekki má vara lengur en í eina mínútu) eða annarra læknisfræðilegra ástæðna sem mótareglur heimila.~~
- stöðvunar leiks af læknisfræðilegum ástæðum, sem heimiluð er í mótareglum, t.d. "drykkjarhléa" (sem ekki skulu vara lengur en eina mínútu) og "kælihléa" (sem vara skulu frá 90 sekúndum til 3ja mínútna).

Með velferð leikmanna í huga geta mótareglur kveðið á um að við sérstakar aðstæður (t.d. hátt raka- og hitastig) séu "kæli-hlé" heimil (á bilinu 90 sek. - 3 mín) til þess að ná niður líkamshita leikmanna. Þau eru annars eðlis en "drykkjarhlé" (max 1 mín) sem eingöngu eru hugsuð til þess að bæta líkamanum upp vökvatap.

8. grein – Upphaf leiks og leikur hafinn að nýju

1. Upphafsspyrna

Aðferð

Breyttur texti

- liðið sem vinnur hlutkestið ákveður á hvort markið það muni sækja í fyrri hálfleik eða hvort það vilji taka upphafsspurnuna.
- háð niðurstöðunni hér að ofan tekur hitt liðið síðan upphafsspurnuna eða ákveður á hvort markið það vilji sækja í fyrri hálfleik.
- liðið sem vinnur hlutkestið valdi á hvort markið það vildi sækja í fyrri hálfleik tekur upphafsspurnuna í seinni hálfleik.

Skýring

Nýlegar lagabreytingar hafa gert upphafsspurnuna hraðvirkari (t.d. skora má rakleiðis úr upphafsspurnu) og því vilja fyrirliðarnir sem vinna hlutkestið oft fá að taka upphafsspurnuna.

8. grein – Upphaf leiks og leikur hafinn að nýju

1. Upphafsspyrna

Brot og refsíákvæði

Breyttur texti

Ef sá sem tekur upphafsspurnu snertir boltann áður en boltinn hefur snert annan leikmann skal dæma óbeina aukaspurnu, eða beina aukaspurnu fyrir ~~viljandi~~ leikbrotið hendi.

Skýring

Breyting til samræmis nýtt orðalag 12. greinar varðandi leikbrot með hendi.

8. grein – Upphaf leiks og leikur hafinn að nýju

2. Boltinn látinn falla

Aðferð

Nýr texti

- Boltinn er látinn falla hjá markverði varnarliðsins í hans eigin vítateig ef, þegar leikur var stöðvaður:
 - boltinn var innan vítateigsins, eða
 - síðasta snerting leikmanns við boltann var innan vítateigsins.
- Í öllum öðrum tilvikum lætur dómari boltann falla hjá leikmanni úr því liði sem síðast snerti boltann á þeim stað sem hann snerti leikmann, eða utanaðkomandi einstakling (eða dýr o.s.frv.), eða eins og kveðið er á um í grein 9.1, meðlim dómarateymisins.
- Aðrir leikmann (beggja liða) verða að halda sig a.m.k. 4m frá boltanum þangað til hann er kominn í leik.

Boltinn er kominn í leik þegar hann snertir jörðina.

~~Öllum leikmönnum sem það kjósa er heimilt að reyna að vinna boltann þegar hann er látinn falla (þ.m.t. markvörðunum). Dómaranum er óheimilt að ákveða hversu margir mega reyna að vinna boltann þegar hann er látinn falla eða að stýra niðurstöðunni.~~

Skýring

Núverandi aðferð leiðir oft til þess að því sé "stýrt" hvernig boltanum er komið í leik og það síðan "misnotað" á ósanngjarnan hátt (t.d. bolta sparkað í innkast langt inn á vallarhelming mótherjanna) eða til ögrandi uppgjors. Með því að skila boltanum til liðsins sem síðast lék honum er því sem "tapaðist" skilað á réttan stað, nema innan vítateigs þar sem einfaldast er að skila boltanum til markvarðarins. Til að koma í veg fyrir að liðið njóti ósanngjarns hagnaðar verða allir leikmenn beggja liða, að undanskildum leikmanninum sem fær boltann, að vera a.m.k. 4m frá staðnum.

9. grein – Boltinn í og úr leik

1. Bolti úr leik

Breyttur texti

Boltinn er úr leik þegar:

- (...)
- hann snertir meðlim dómarateymisins og er síðan áfram inni á vellinum og:
 - lið hefur vænlega sókn.
 - boltinn fer rakleiðis í markið, eða
 - liðið sem ekki var með boltann nær valdi á honum.

Í öllum ofangreindum tilvikum er leikur hafinn að nýju með því að dómari lætur boltann falla.

Skýring

Það getur verið mjög ósanngjarnt ef lið hagnast á því, eða skorar mark, þegar boltinn hrekkur af einhverjum í dómarateyminu, sérstaklega dómaraþum sjálfum.

9. grein – Boltinn í og úr leik

2. Bolti í leik

Breyttur texti

Boltinn er annars alltaf í leik, þ.m.t. þegar hann ~~hrekkur af einhverjum~~ snertir einhvern úr dómarateyminu og þegar hann hrekkur af markstöng, þverslá eða hornfánastöng og er áfram inni á leikvellingum.

Skýring

Að undanskildum ákvæðum greinar 9.1 er boltinn áfram í leik ef hann snertir meðlim dómarateymisins.

10. grein – Hvernig úrslit leikja ráðast

1. Mark skorað

Breyttur texti

Mark er skorað (...), að því tilskildu að liðið sem skoraði markið hafi ekki áður brotið knattspyrnulögin.

Ef markvörðurinn kastar boltanum rakleiðis í mark andstæðinganna er dæmd markspyrna.

Skýring

Breyting til samræmis nýtt orðalag 12. greinar varðandi leikbrotið hendi.

12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

1. Bein aukaspyrna

Breyttur texti

- ~~handleikur boltann viljandi leikbrotið hendi (nema á markvörður innan eigin vítateigs).~~

Skýring

Breyting til samræmis nýtt orðalag 12. greinar varðandi leikbrot með hendi.

12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

1. Bein aukaspyrna

Boltinn handleikinn

Breyttur texti

~~Að handleika boltann felur í sér viljandi aðgerð leikmanns til að snerta boltann með hendi eða handlegg.~~

Hafa skal eftirfarandi í huga:

- ~~hreyfingu handarinnar í átt að boltanum (ekki boltans í átt að hendinni).~~
- ~~fjarlægð milli mótherjans og boltans (óvænt sending/skot).~~
- ~~staðsetning handarinnar þarf ekki endilega að merkja að um brotlegt athæfi sé að ræða.~~

Það telst leikbrot ef leikmaður:

- snertir boltann viljandi með hönd/handlegg, þ.m.t. með því að hreyfa höndina/handlegginn í átt að boltanum.
- nær valdi/stjórn á boltanum eftir að hann snerti hönd/handlegg hans og:
 - skorar síðan í mark mótherjanna.
 - skapar síðan marktækifæri.
- skorar rakleitt í mark mótherjanna með snertingu handarinnar/handleggsins, jafnvel þó óviljandi sé (þetta á einnig við um markvörðinn).

Það telst oftast leikbrot ef leikmaður:

- snertir boltann með hönd/handlegg þegar:
 - höndin/handleggurinn hefur gert líkamann óeðlilega stærri.
 - höndin/handleggurinn er í yfir/út frá axlarhæð (nema leikmaðurinn leiki boltanum viljandi sem síðan snertir hönd/handlegg hans).

Ofantalin leikbrot eiga við jafnvel þó boltinn snerti hönd/handlegg leikmannsins beint af höfði eða líkama (þ.m.t. fæti) annars nálægs leikmanns.

Að ofantöldum leikbrotum frátöldum telst það sjaldnast til leikbrota ef boltinn snertir hönd/handlegg leikmanns:

- beint af hans eigin höfði eða líkama (þ.m.t. fæti).
- beint af höfði eða líkama (þ.m.t. fæti) annars nálægs leikmanns.

- ef höndin/handleggurinn er þétt við líkamann og gerir hann þannig ekki óeðlilega stærri.
- þegar leikmaður fellur og höndin/handleggurinn er á milli líkamans og jarðarinnar til stuðnings, en ekki þegar teygt er úr handleggnum til hliðar eða lóðrétt út frá líkamanum.

Skýring

Þörf er á skýrari fyrirmælum varðandi hendi, sérstaklega í þeim tilfellum þar sem "óviljandi hendi" telst vera leikbrot. Hið nýja orðalag byggir á nokkrum meginreglum:

- knattspyrnan samþykkir ekki mörk skoruð með hönd/handlegg (jafnvel þó óviljandi sé).
- knattspyrnan vill að leikmanni sé refsað fyrir hendi ef hann nær valdi/stjórn á boltanum af hönd/handlegg sínum og hefur af því hag, t.d. skorar eða skapar með því marktækifæri.
- við fall er eðlilegt að leikmaður beri fyrir sig höndina á milli líkamans og jarðarinnar til stuðnings.
- það telst sjaldnast "eðlileg" staða hafi leikmaður hönd/handlegg ofan við axlarhæð og því er hann að taka áhættu með því að vera með hönd/handlegg í slíkri stöðu, þ.m.t. við rennslis(tæklingar).
- hrökkvi boltinn af líkama leikmannsins, eða annars nálægs leikmanns (beggja leiða), í hönd/handlegg hans er oft útilokað fyrir hann að forðast snertingu við boltann.

12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

1. Bein aukaspyrna

Boltinn handleikinn

Breyttur texti

Utan eigin vítateigs gilda sömu ákvæði um markvörðinn er hann handleikur boltann og sérhvern annan leikmann. ~~Markvörður getur aldrei talist sekur um að handleika boltann innan eigin vítateigs þannig að það leiði af sér beina aukaspyrnu eða skyld viðurlög, en með því að handleika boltann getur hann hins vegar hafa gerst sekur um brot sem leiða til óbeinnar aukaspyrnu. Ef markvörðurinn handleikur boltann innan eigin vítateigs þegar honum er það óheimilt er dæmd á hann óbein aukaspyrna án þess að því fylgi nokkur agarefsing.~~

Skýring

Markvörðum er óheimilt að handleika boltann innan eigin vítateigs eftir viljandi sendingu eða innkast frá samherja, eða eftir að hafa sleppt boltanum úr höndum sér. Geri þeir það er dæmd á þá óbein aukaspyrna, en slík tilvik (og önnur sambærileg) hafa ekki í för með sér neina agarefsingu, jafnvel þó það komi í veg fyrir vænlegt upphlaup eða hafi af mótherja upplagt marktækifæri.

12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

2. Óbein aukaspyrna

Breyttur texti

Óbein aukaspyrna er dæmd ef markvörður fremur eitthvert eftirfarandi leikbrota innan eigin vítateigs:

- hefur vald á boltanum með hönd/handlegg í meira en sex sekúndur áður en hann sleppir honum frá sér.
- snertir boltann með hönd/handlegg eftir að hafa sleppt honum frá sér og áður en hann hefur snert annan leikmann.
- snertir boltann með hönd/handlegg, nema markvörðurinn hafi greinilega spyrint eða reynt að spyrna boltanum til þess að koma honum í leik eftir að:
 - samherji hefur spyrint honum viljandi til hans.
 - hafa fengið hann beint úr innkasti sem samherji tekur.

Skýring

- Orðinu "handleggur" bætt í textann til samræmis við önnur ákvæði laganna um handleikinn bolta.
- Þegar markvörður spyrnir boltanum greinilega, eða reynir að spyrna honum, í leik fellst ekki í því neinn ásetningur um að handleika boltann. Misheppnist "hreinsunin" má hann því handleika boltann án þess að teljast gerast brotlegur.

12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

3. Agarefsingar

Breyttur texti

Ef leikmaður eða forráðamaður liðs gerist sekur um brottrekstrarvert athæfi áður en hann kemur inn á leikvöllinn í upphafi leiks, hefur dómariinn vald til að koma í veg fyrir að leikmaðurinn eða forráðamaðurinn taki þátt í leiknum (sjá grein 3.6). Dómariinn gefur jafnframt skýrslu um annars konar misferli sem kann að eiga sér stað.

Leikmaður eða forráðamaður liðs sem gerist sekur um áminningar- eða brottrekstrarvert leikbrot, innan leikvallar sem utan, ~~hvort sem hann brýtur gegn mótherja, samherja, dómarateyminu, eða sérhverjum öðrum, eða gegn knattspyrnulögunum,~~ skal beittur agarefsingu í samræmi við eðli brotsins.

Einungis má sýna leikmanni, varamanni, ~~eða~~ leikmanni sem skipt hefur verið af leikvelli eða forráðamanni liðs gula eða rauða spjaldið.

Skýring

Nú má einnig sýna forráðamönnum liðanna rauða og gula spjaldið (sjá 5. grein).

12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

3. Agarefsingar

Beðið með að hefja leik að nýju til þess að sýna spjald

Viðbótartexti

Þegar dómari hefur tekið ákvörðun um að áminna leikmann eða vísa honum af velli skal leikur ekki hafinn að nýju fyrr en að því ferli loknu, nema liðið sem brotið var á taki aukaspurnuna hratt, skapi sér með því augljóst marktækifæri og dómari hafi ekki þá þegar hafið agarefsingaraðgerðina. Agarefsingunni er þá komið á framfæri næst þegar leikur er stöðvaður. Ef leikbrotið fól í sér að haft var af mótherja upplagt marktækifæri er leikmaðurinn áminntur.

Skýring

Stundum þegar sóknir eru stöðvaðar með áminningarverðum eða brottrekstrarverðum leikbrotum tekur sóknarliðið aukaspurnuna hratt til þess að viðhalda "skyndisókninni". Það er augljóslega "ósanngarnt" ef þessi "nýja" sókn er stöðvuð til þess að sýna leikmanni GS/RS. Ef dómari hefur hins vegar valdið brotlega liðinu ruglingi með því að hefja "spjöldunina" ber ekki að heimila hraðtekningu aukaspurnunnar. Ef um er að ræða RUPL brot er leikmaðurinn því áminntur, en ekki vísað af leikvelli, þar sem sóknin var "endurræst" (með sama hætti og þegar hagnaði er beitt eftir RUPL brot).

12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

3. Agarefsingar

Áminningarverð leikbrot

Marki fagnað

Viðbótartexti

Áminna ber leikmann, jafnvel þó markið sé dæmt af, sem:

- (...)

Skýring

Áminning fyrir að fagna marki með óviðeigandi hætti skal veitt jafnvel þó markið sé dæmt af (öryggi, ímynd leiksins o.s.frv.) þar sem áhrifin eru þau sömu.

12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

3. Agarefsingar

Leikbrot sem leiða til brottvísunar

Breyttur texti

Leikmanni, varamanni eða leikmanni sem skipt hefur verið út af, skal vísað af leikvelli ef hann fremur eitthvert eftirfarandi leikbrota:

- hefur af liði mótherjanna mark eða upplagt marktækifæri með leikbrotinu hendi því að handleika boltann viljandi (...)

Skýring

Breyting til samræmis nýtt orðalag 12. greinar varðandi leikbrot með hendi.

12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

3. Agarefsingar

Neitað um mark eða upplagt marktækifæri

Breyttur texti

Þegar leikmaður hefur af liði mótherjanna mark eða upplagt marktækifæri með leikbrotinu hendi því að handleika boltann viljandi ber að vísa honum af leikvelli óháð því hvar brotið átti sér stað.

Skýring

Breyting til samræmis nýtt orðalag 12. greinar varðandi leikbrot með hendi.

12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

3. Agarefsingar

Forráðamenn liða

Breyttur texti

Þegar brot er framið og ekki reynist unnt að auðkenna hinn brotlega hlýtur æðsti forráðamaður liðsins á boðvanginum agarefsinguna.

Tiltal

Eftirfarandi brot ættu venjulega að hafa í för með sér tiltal, en endurtekin eða frekleg ættu þau að hafa í för með sér áminningu eða brottvísun:

- að fara inn á leikvöllinn á rólegan og ekki ógnandi hátt.
- að fara ekki að beiðni meðlims dómarateymisins, t.d. hunsa fyrirmæli/beiðni aðstoðardómara eða fjórða dómara.
- minniháttar/látlaus mótmæli (í orðum eða æði) gagnvart ákvörðun.

- að fara annað slagið út fyrir boðvanginn án þess að gerast sekur um annars konar brot um leið.

Áminning

Til áminningarverðra brota teljast m.a:

- að fara augljóslega/ítrekað út fyrir mörk boðvangs liðsins.
- að tefja að lið þeirra hefji leik að nýju.
- að fara viljandi yfir í boðvang mótherjanna (ekki þó á ögrandi hátt).
- mótmæli með orðum eða æði, þ.m.t.:
 - að kasta/sparka drykkjarlátum eða öðrum hlutum.
 - með látbragði/handapati sem sýnir augljósan skort á virðingu fyrir dómarateyminu, t.d. kaldhæðnislegt lófatak.
- að gefa óhóflega/ítrekað merki um rautt eða gult spjald.
- að vera með látbragð eða framkomu sem virkar á ögrandi og æsandi hátt.
- með viðvarandi óásættanlegri framkomu (þ.m.t. endurtekið tiltalsbrot).
- að sýna leiknum vanvirðingu.

Brottvísun

Til brottvísunarverðra brota teljast m.a:

- tefja að mótherjarnir geti hafið leik að nýju, t.d. með því að halda boltanum, sparka honum í burtu, hindra för leikmanns.
- að yfirgefa boðvanginn viljandi í þeim tilgangi að:
 - mótmæla eða kvarta við meðlim dómarateymisins.
 - hegða sér með ögrandi eða æsandi hætti.
- að fara yfir í boðvang mótherjanna með ögrandi eða æsandi hætti.
- að kasta/sparka hlut viljandi inn á leikvöllinn.
- að fara inn á leikvöllinn til að:
 - þjóða meðlim dómarateymisins byrginn (þ.m.t. í hálfleik og í leikslok).
 - trufla leikinn, mótherja eða meðlim dómarateymisins.
- líkamleg eða árásargjörn hegðun (þ.m.t. að hrækja eða bíta) gagnvart leikmanni mótherjanna, varamanni, forráðamanni, dómarateyminu, áhorfanda eða sérhverjum öðrum einstaklingi (t.d. boltakrakka, öryggis- eða mótsfulltrúa o.s.frv.).
- að hljóta tvær áminningar í sama leiknum.
- að nota særandi, móðgandi eða svivirðilegt orðbragð og/eða látbragð.
- að nota óheimilan rafrænan eða samskiptabúnað og/eða hegða sér með ósæmilegum hætti eftir að hafa nýtt sér rafrænan eða samskiptabúnað.
- ofsaleg framkoma.

Skýring

Rétt beiting á GS/RS fyrir agabrot forráðamanna liða verður studd með því að tilgreina helstu brotin sem eru tilefni tiltals/GS/RS í lagatextanum.

12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

4. Leikur hafinn að nýju eftir leikbrot og óviðeigandi hegðun

Breyttur texti

(...)

Ef boltinn er í leik og leikmaður brýtur líkamlega af sér innan leikvallar gegn:

- mótherja - óbein eða bein aukaspyrna eða vítaspyrna.
- samherja, varamanni eða leikmanni sem skipt hefur verið eða vísað út af, forráðamanni liðs eða dómarateyminu - bein aukaspyrna eða vítaspyrna.
- sérhverjum öðrum - með því að láta boltann falla.

Refsa skal fyrir öll munnleg brot með óbeinni aukaspyrnu.

Skýring

Skýrðar eru mismunandi aðferðir við að hefja leik að nýju eftir líkamleg brot og áréttað að refsa beri fyrir öll munnleg brot með óbeinni aukaspyrnu, jafnvel þó þeim sé beint að meðlimum dómarateymisins.

12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

4. Leikur hafinn að nýju eftir leikbrot og óviðeigandi hegðun

Viðbótartexti

Ef brot er framið utan leikvallar af leikmanni gegn leikmanni, varamanni, leikmanni sem skipt hefur verið út af eða forráðamanni liðs brotlega leikmannsins, er leikur hafinn að nýju með óbeinni aukaspyrnu á þeirri útlínu vallarins sem er næst brotstaðnum.

Skýring

Áréttað er að leikur skal eingöngu hafinn að nýju með óbeinni aukaspyrnu ef um er að ræða brot framið af leikmanni gegn samherja eða einhverjum af forráðamönnum, varamönnum o.s.frv. hans eigin liðs.

12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

4. Leikur hafinn að nýju eftir leikbrot og óviðeigandi hegðun

Breyttur texti

Ef leikmaður sem ~~stædur~~ er innan eða utan leikvallar kastar eða sparkar hlut (öðrum en leikboltanum) að mótherja, eða kastar eða sparkar hlut (þ.m.t. bolta) að varamanni, leikmanni sem hefur verið skipt eða vísað út af, eða forráðamanni liðs mótherjanna, eða að meðlimi dómarateymisins, eða að leikboltanum, er leikur hafinn að nýju með beinni aukaspyrnu (...)

Skýring

Refsað er með sama hætti fyrir að sparka og kasta hlut að einhverjum eða boltanum.

13. grein – Aukaspjrnur

1. Tvenns konar aukaspjrnur

Óbein aukaspjrna - merkjagjöf

Viðbótartexti

Dómarinn gefur óbeina aukaspjrnur til kynna með því að rétta handlegg upp fyrir höfuð. Hann heldur handleggnum þannig uppi þar til spjrnan hefur verið tekin og boltinn hefur snert annan leikmann, ~~eða farið úr leik~~ eða augljóst sé að mark verði ekki skorað beint úr spjrnunni.

Skýring

Margar óbeinar aukaspjrnur eru teknar svo langt frá marki mótherjanna að næsta ómögulegt er að skora mark úr þeim raleiðis (t.d. óbeinar aukaspjrnur fyrir rangstöðu). Í slíkum tilfellum er dómaranum því einungis skylt að viðhalda merkjagjöfinni þar til spjrnan hefur verið tekin þar sem ekki er auðvelt að hlaupa með höndina á lofti.

13. grein – Aukaspjrnur

2. Framkvæmd

Breyttur texti

- aukaspjrnur sem dæmdar eru á leikmenn fyrir að koma inn á, koma aftur inn á, eða yfirgefa leikvöllinn án heimildar skal taka frá þeim stað sem boltinn var þegar leikur var stöðvaður. Ef leikmaður, hins vegar, ~~sem berst af leikvelli sem hluti af eðlilegum leik og brýtur af sér utan leikvallar gegn öðrum leikmanni, en þá er leikur hafinn að nýju með aukaspjrnur~~ sem taka skal á þeirri útlínu vallarins sem er næst þeim stað sem brotið átti sér stað (en sé þannig um að ræða brot sem refsar ber fyrir með beinni aukaspjrnur skal dæma vítaspjrnur ef það er innan vítateigs hins brotlega).

Skýring

Orðalag aðlagð til samræmis við aðra kafla laganna.

13. grein – Aukaspjrnur

2. Framkvæmd

Breyttur texti

Boltinn:

- er kominn í leik þegar honum hefur verið spyrnt og hann hreyfst greinilega, ~~nema þegar um er að ræða aukaspjrnur varnarliðsins innan eigin vítateigs, en þá er boltinn kominn í leik þegar honum hefur verið spyrnt rakleiðis út úr vítateignum.~~

Skýring

Sú tilraun sem í gangi hefur verið þar sem lið tekur aukaspjrnur innan eigin vítateigs og boltinn er þegar kominn í leik þegar honum hefur verið spyrnt án þess að þurfa fyrst að fara út fyrir vítateigin hefur sýnt fram á hraðari og uppbyggilegri "endurræsingu" leiksins. Mótherjarnir þurfa að halda sig utan vítateigsins og a.m.k. 9,15m frá boltanum allt þar til boltinn er kominn í leik. Sama breyting hefur verið gerð með markspjrnuna (sjá 16. grein).

13. grein – Aukaspjrnur

2. Framkvæmd

Viðbótartexti

Þar til boltinn er kominn í leik skulu mótherjarnir halda sig:

- a.m.k. 9,15m frá boltanum, nema (...)
- utan vítateigs þegar um er að ræða aukaspjrnur mótherjanna innan eigin vítateigs.

Þegar stillt er upp "vegg" 3ja eða fleiri varnarmanna verða sóknarmennirnir allir að halda sig a.m.k. 1m frá veggnum þar til boltinn er kominn í leik.

Skýring

Sóknarmenn sem standa mjög nálægt, eða í, varnarveggnum við töku aukaspjrnna valda oft vandræðum við stjórnun og tefja auk þess leikinn. Það er engin lögmæt taktísk réttlætning fyrir sóknarmennina að þurfa að vera í veggnum og viðvera þeirra þar er andstæð "anda leiksins" og skaðar oft "ímynd hans".

13. grein – Aukaspurnur

3. Brot og refsíákvæði

Viðbótartexti (á eftir 1. málsgrein)

(...) fyrir að tefja leikinn.

Ef leikmaður sóknarliðsins staðsetur sig minna en 1m frá "vegg" 3ja eða fleiri leikmanna varnarliðsins þegar aukaspurna er tekin, er dæmd óbein aukaspurna.

Skýring

Áréttað hvernig hefja skuli leik að nýju ef sóknarmaður "treður" sér nær "veggnum" en 1m.

13. grein – Aukaspurnur

3. Brot og refsíákvæði

Breyttur texti

Ef varnarlið tekur aukaspurnu innan eigin vítateigs og einhverjir mótherjar eru innan vítateigsins (...), snertir boltann eða reynir að vinna hann áður en hann er kominn í leik hefur verið snertur af öðrum leikmanni ber að endurtaka aukaspurnuna.

~~Ef varnarlið tekur aukaspurnu innan eigin vítateigs og boltanum er ekki spyrnt rakleiðis út úr vítateignum ber að endurtaka spurnuna.~~

Skýring

Áréttað hvernig hefja skuli leik að nýju við ofangreindar aðstæður.

13. grein – Aukaspurnur

3. Brot og refsíákvæði

Breyttur texti

Ef boltinn er kominn í leik og spyrnandinn snertir hann aftur áður en hann hefur snert annan leikmann skal dæma óbeina aukaspurnu, en ef spyrnandinn ~~handleikur boltann viljandi gerist sekur um leikbrotið hendi:~~

(...)

Skýring

Áréttað hvernig hefja skuli leik að nýju við ofangreindar aðstæður.

14. grein – Vítaspyrna

1. Framkvæmd

Viðbótartexti

Boltinn skal vera kyrrstæður á vítapunktinum og markstangirnar, marksláin og marknetin mega ekki vera á hreyfingu.

(...)

Markvörðurinn skal vera á marklínunni, til auglitis við spyrnandann, á milli markstanganna, án þess að snerta markstangirnar, -slánna eða -netið, þar til boltanum hefur verið spyrint.

(...)

Leikmaðurinn sem tekur vítaspyrnuna skal spyrna boltanum fram á við. Spyrna má með hælnum svo fremi sem spyrint sé fram á við.

Þegar boltanum er spyrint verður markvörðurinn sem er til varnar að hafa a.m.k. hluta af öðrum fæti sínum á marklínunni, eða í línu við hana.

Skýring

- Dómarinn skal ekki gefa merki um að taka vítaspyrnuna ef markvörðurinn er að snerta markstöngina, -slánna eða -netið, eða ef þau eru á hreyfingu, t.d. ef markvörðurinn hefur sparkað í þær eða hrist.
- Markverðirnir mega ekki standa framan eða aftan við marklínuna. Með því að leyfa að einungis annar fótur markvarðarins snerti marklínuna (eða í línu við hana ef hann stekkur upp og niður) þegar vítaspyrna er tekin er málið einfaldað þar sem auðveldara er að fylgjast með því þegar hvorugur fótur hans er á línunni. Þar sem spyrnandanum er heimilt að "hika" í atrennu sinni, er eðlilegt að heimila markverðinum að stíga eitt skref út er hann væntir spyrnunnar.

14. grein – Vítaspyrna

2. Brot og refsíákvæði

Viðbótartexti

Þegar dómarinn hefur gefið merki um að taka megi vítaspyrnu ber að taka hana strax. Sé spyrnan ekki tekin getur dómarinn ákveðið að grípa til agarefsinga áður en hann gefur á ný merki um að taka skuli spyrnuna.

Skýring

Ef brot á sér stað eftir að dómarinn hefur gefið merki um að taka skuli vítaspyrnu, en spyrnan hefur ekki verið tekin, er ekki hægt að dæma aukaspyrnu þar sem boltanum hefur ekki verið komið í leik. Engu að síður er þá hægt að grípa til agarefsinga ef nauðsyn krefur.

14. grein – Vítaspyrna

2. Brot og refsíákvæði

Breyttur texti

- spyrnandinn snertir boltann að nýju áður en hann hefur snert annan leikmann:
 - er dæmd óbein aukaspyrna (eða bein aukaspyrna fyrir viljandi leikbrotið hendi).

Skýring

Breyting í samræmi við breytt orðalag 12. greinar um leikbrotið hendi.

15. grein – Innkast

1. Framkvæmd

Breyttur texti

Allir mótherjar verða að standa a.m.k. 2m frá þeim stað á hliðarlínunni sem taka á innkastið frá er-tekið.

Skýring

Þetta á við um tilvik þar sem leikmaður tekur innkast í einhverri fjarlægð frá hliðarlínunni.

15. grein – Innkast

2. Brot og refsíákvæði

Breyttur texti

Ef boltinn er kominn í leik og leikmaðurinn sem tók innkastið snertir boltann aftur áður en hann hefur snert annan leikmann skal dæma óbeina aukaspyrnu, en ef hann gerist sekur um leikbrotið hendi ~~handleikur boltann viljandi~~: (...)

Skýring

Breyting í samræmi við breytt orðalag 12. greinar um leikbrotið hendi.

16. grein – Markspyrna

1. Framkvæmd

Breyttur texti

- Boltinn er kominn í leik þegar hann fer út fyrir vítateiginn honum hefur verið spynt og hann hefur hreyfst greinilega.

Skýring

Sú tilraun sem í gangi hefur verið með markspyrnur þar sem boltinn telst kominn í leik um leið og honum hefur verið spynt án þess að þurfa fyrst að fara út fyrir vítateiginn hefur sýnt fram á hraðari og uppbyggilegri "endurræsingu" leiksins. "Tímasóun/leiktafir" hafa minnkað, þ.m.t. þegar varnarmaður leikur boltanum viljandi áður en hann hefur farið út fyrir vítateiginn í þeirri vissu að það hafi ekki aðrar afleiðingar en þær að markspyrnan verði endurtekin. Mótherjarnir þurfa að halda sig utan vítateigsins allt þar til boltinn er kominn í leik.

16. grein – Markspyrna

2. Brot og refsíákvæði

Eyddur texti

Ef boltinn fer ekki út fyrir vítateiginn eða er snertur af leikmanni áður en hann fer út fyrir vítateiginn ber að endurtaka spyrnuna.

Skýring

Sjá lagagrein 16.1 hér að ofan.

16. grein – Markspyrna

2. Brot og refsíákvæði

Breyttur texti

Ef spyrnandinn snertir boltann aftur eftir að hann er kominn í leik, en áður en hann snertir annan leikmann, er dæmd óbein aukaspyrna, nema ef spyrnandinn gerist sekur um leikbrotið hendi ~~handleikur boltann viljandi~~: (...)

Skýring

Breyting í samræmi við breytt orðalag 12. greinar um leikbrotið hendi.

Breyttur texti

Ef einhverjir mótherjar eru innan vítateigsins þegar markspyrnan er tekin af því að þeir höfðu ekki haft tíma til þess að koma sér þaðan, skal dómariinn leyfa leiknum að halda áfram. Ef mótherji, sem staddur er innan vítateigs (...), snertir boltann eða sækir að mótherja til þess að reyna að vinna boltann, áður en boltinn ~~hefur snert annan leikmann~~ er í leik, skal spyrnan endurtekin.

Skýring

Árétting á þeirri aðferð sem dómariinn skal beita við að hefja leik að nýju ef mótherji er innan vítateigs þegar markspyrna er tekin.

Breyttur texti

Ef spyrnandinn snertir boltann aftur eftir að boltinn er kominn í leik, áður en hann hefur snert annan leikmann er dæmd óbein aukaspyrna, nema ef spyrnandinn gerist sekur um leikbrotið hendi ~~handleikur boltann viljandi~~: (...)

Skýring

Breyting í samræmi við breytt orðalag 12. greinar um leikbrotið hendi.